

HEILBRIGÐUR LÍFSTÍLL
VIRÐING
UMHYGGJA
SAMSTAÐA
SAMKENND



Heilbrigður lífstíll, virðing, umhyggja, samstaða og samkennd

STEFNA
.. VESTMANNAEYJA Í
FORVÖRNUM

Ágætu bæjarbúar

Undanfarin ár hafa sífellt fleiri sveitarfélög sett fram stefnu í forvörnum sem öllum er sýnileg. Vestmannaeyjabær hefur unnið um nokkurn tíma með áherslur sem miða að því að draga úr neyslu barna og ungmenna á tóbaki, áfengi og öðrum vímuefnum. Að auki hafa bæst við áherslur í sambandi við hreyfingu, mataræði og almenna líðan barna. Mikil og góð samvinna hefur verið á milli þeirra aðila sem koma að forvörnum, jafnt innan sem utan bæjarkerfisins en sameiginleg og sýnileg stefna hefur ekki verið til.

Við lestur á fjölmörgum forvarnastefnum hinna ýmsu sveitarfélaga, kemur í ljós að þær byggja mikið á sömu hugmyndum og þegar eru í gangi hjá forvarnaaðilum í Eyjum. Þeir hinir sömu hafa aftur á móti látið hjá líða að festa þær á blað eða setja fram í heilðrænni stefnu.

Félags- og fjölskyldusvið tók að sér að vinna stefnu Vestmannaeyja í forvörnum. Byggir hún að hluta til á hugmyndum og hugmyndagrunni annarra forvarnastefna í landinu og þá aðallega stefnu Reykjavíkurborgar. Stefnan tekur einnig mið af þeirri vinnu sem unnin hefur verið í forvörnum síðastliðin tíu ár, þeirri vinnu sem Vertu til verkefnið lagði til í árslok 2005 og ekki síst af nýlegri stefnu Vestmannaeyjabæjar í skóla og æskulýðsmálum sem unnin var af fræðslu- og menningarsviði bæjarins.

Með þessu er mótuð forvarnastefna sem öllum er sýnileg, er skýr, framkvæmanleg og byggir á víðtæku samstarfi allra lykilaðila í uppeldi barna og ungmenna. Vonandi verður hún sá grundvöllur að velgengni í því forvarnastarfi sem unnið er í Vestmannaeyjum.

Jón Pétursson sálfræðingur

FORVARNA STEFNA

Stefna Vestmannaeyja í forvörnum nær til allra barna, ungmenna, foreldra og allra þeirra er að þessum málefnum koma.

Áhersla er lögð á forvarnir strax í barnæsku, að þær séu heilstæðar, nái til víðtækra þátta og séu unnar með sameiginlegu átaki allra bæjarbúa og lykilaðila í forvörnum.

Áhersla er lögð á að forvarnir byggi á áreiðanlegum upplýsingum og staðreyndum sem skapi málefnalegar umræður um stöðu barna og ungmenna. Jafnframt séu sett fram markviss og mælanleg markmið og boðið upp á reglulega endurskoðun.

Áhersla er lögð á víðtækt samstarf allra þeirra er koma að forvörnum.

Við framkvæmd og útfærslu á forvarnastefnu Vestmannaeyjabæjar skal unnið út frá eftirfarandi leiðarljósum og markmiðum;

Leiðarljós:

Að öllum börnum og ungmennum séu skapaðar uppeldisaðstæður og umhverfi sem býður upp á heilbrigðan lífsstíl og skapar þeim lífshamingju sem einkennist af virðingu, umhyggju, samstöðu og samkennd.

Fjölskyldan er hornsteinn samfélagsins og uppspretta lífsgilda og því brýnt að styrkja og efla hlutverk hennar.

Markmið:

Almennar forvarnir ná til alls samfélagsins, sértækar forvarnir til hópa sem eru í áhættu og einstaklingsforvarnir til einstaklinga. Huga þarf að verndandi þáttum sem draga úr því að vandi aukist eða komi upp.

Almennar forvarnir:

Að börn og ungmenni alist upp við góða andlega líðan og heilsu, öðlist jákvæða sjálfsmynd og jafnframt vissu um að vera hluti af samfélagi með þeirri þátttöku, ábyrgð og stuðningi sem því fylgir.

Sértækar forvarnir:

Að koma í veg fyrir og draga úr áhættuþáttum sem auka líkur á því að vandi verði til, eða aukist, hjá börnum og ungmennum í áhættu s.s. vímuefnaneysla, ofbeldi, afbrot eða önnur frávikshæggðun.

Einstaklingsforvarnir:

Að hafa áhrif á þróun vandans hjá barni eða ungmenni og snúa henni við.

Framkvæmd:

Stofnað verður fimm manna stýrihópur sem hefur það hlutverk að fylgja eftir stefnu Vestmannaeyjabæjar í forvörnum. Hópurinn er leiðandi framkvæmdaaðili forvarna í bæjarfélaginu, safnar upplýsingum og staðreyndum, fylgir eftir málefnalegri umræðu, fræðslu og leitar eftir markvissum og mælanlegum markmiðum í samvinnu við lykilaðila í forvörnum.

Stýrihópurinn heyrir undir félags- og fjölskyldusvið Vestmannaeyjabæjar. Félags- og fjölskylduráð tilnefni einn fulltrúa sem jafnframt er verkefnisstjóri teymisins. Óskað er eftir því að skólamálaráð og menningar- og tómstundaráð tilnefni hvort sinn fulltrúa.

Stýrihópurinn hefur yfirsýn yfir það starf sem unnið er með, eða fyrir, börn og ungmenni og skulu í því sitja fagaðilar sem starfa á þessum vettvangi og skipaðir eru af félags- og fjölskyldusviði.

Stýrihópurinn miðlar upplýsingum til lykilaðila í forvörnum og minnst þvisvar sinnum á ári kallar það til samráðsfundar allra lykilaðila í forvörnum.

Á samráðsfundi skal stýrihópurinn leiða markvissa vinnu, fræðslu og upplýsingagjöf í þeim tilgangi að marka leiðir, samstarf, áherslur og markmið komandi tímabils.


Markmið samráðsfundar er að koma með skýra framkvæmdaáætlun með aðgerðaáætlun og verkaskiptingu lykilaðila til að markmið forvarnastefnunnar náist sem best. Markmið skulu vera með skýrum mælikvörðum þannig að árangur forvarnastarfs verði markviss og mælanlegur.

Leiðir

Markmiðum og leiðum að almennum, sértækum og einstaklingsforvörnum skal skipt upp í mismunandi aldurskeið.

Þeir lykilaðilar sem vinna að framkvæmd skilgreini aðkomu sína að forvörnum fyrir mismunandi aldurskeið.

Aðgerðaáætlun til að ná settum markmiðum skal síðan lögð fram og útfærð af lykilaðilum.



Frumbernskan

Aldurshópur: 0-2 ára

Markmið: Að stuðla að auknu öryggi barna í frumbernsku
Að styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu
Að leggja grunn að heilbrigðum lífsháttum barna

Almennar forvarnir

Leiðir:

1. Námskeið, ráðgjöf og fræðsla fyrir foreldra. Áhersla lögð á tilfinningatengsl, næringu líkama og sálar, aga, ábyrgð, slysavarnir og hlutverk uppalenda.
2. Námskeið og fræðsla fyrir dagforeldra og starfsfólk leikskóla með áherslu á ofangreinda þætti.

Sértækar forvarnir

Leiðir:

1. Skipulagt samstarf um málefni einstakra hópa foreldra og barna í áhættuhópi.
2. Tryggður verði forgangur að tiltækum úrræðum fyrir börn í áhættuhópum.
3. Foreldrum verði tryggður nauðsynlegur stuðningur, fræðsla og þjónusta.

4. Áhersla lögð á samstarf og samráð allra þeirra aðila sem koma að málefnum barna í áhættu.

Einstaklingsforvarnir

Leiðir:

1. Barni verði tryggður nauðsynlegur stuðningur, fræðsla, úrræði, greining og meðferð.
2. Foreldrum verði tryggður nauðsynlegur stuðningur, fræðsla og þjónusta.
3. Áhersla lögð á tryggja eftirmeðferð og endurhæfingu.

Lykilaðilar:

Félags- og fjölskyldusvið, fræðslu- og menningarsvið, heilsugæslan, leikskólinn, dagmæður, kirkjan

Leikskólaaldur

Aldurshópur: 2-5 ára

Markmið: Að leggja grunn að jákvæðri sjálfsmynd barna
Að styrkja félagsfærni barna
Að börn tileinki sér heilbrigða lífshætti

Almennar forvarnir

Leiðir:

1. Námskeið, ráðgjöf og fræðsla fyrir foreldra. Áhersla lögð á tilfinningatengsl, næringu líkama og sálar, aga, ábyrgð, slysavarnir og hlutverk uppalanda.
2. Námskeið og fræðsla fyrir dagforeldra og starfsfólks leikskóla með áherslu á ofangreinda þætti.
3. Mótaðar verði forvarnaráætlanir í leikskólum.
4. Áhersla lögð á að brúa bilið milli leikskóla og grunnskóla.
5. Aukin áhersla á að fylgt verði eftir mannelismarkmiðum varðandi mataræði.
6. Aukin áhersla á hreyfingu barna.

Sértækar forvarnir

Leiðir:

1. Börn með sérþarfir njóti forgangs og verði tryggður nauðsynlegur stuðningur og sértæk úrræði.
2. Tryggður verði forgangur í tiltæk úrræði fyrir börn í áhættuhópum.

3. Foreldrum verði tryggður nauðsynlegur stuðningur, fræðsla og þjónusta.
4. Áhersla lögð á samstarf og samráð allra þeirra aðila sem koma að málefnum barna í áhættu.

Einstaklingsforvarnir

Leiðir:

1. Barni verði tryggður nauðsynlegur forgangur, stuðningur, fræðsla, úrræði, greining, meðferð.
2. Foreldrum verði tryggður nauðsynlegur stuðningur, fræðsla og þjónusta.
3. Áhersla lögð á tryggja eftirmeðferð og endurhæfingu.

Lykilaðilar:

Félags- og fjölskyldusvið, fræðslu- og menningarsvið, heilsugæslan, foreldrafélög, leikskóli, dagmæður, lögregla, íþróttafélög, kirkjan

Grunnskólaaldur

Aldurshópur: 6-9 ára

Markmið: Að byggja upp jákvæða sjálfsmynd barna
Að styrkja félagsfærni barna
Að börn tileinki sér heilbrigða lífshætti

Almennar forvarnir

Leiðir:

1. Fræðsla til foreldra m.a. með áherslu á að styrkja tilfinningatengsl, aðbúnað, slysavarnir, hegðun og viðhorf.
2. Fræðsla til starfsfólks grunnskóla, frítímaskóla, þjónustustofnana, íþróttafélaga og frjálsra félagasamtaka. Þar verður m.a. lögð áhersla á viðhorf, samskipti og hvernig tekið er á einelti og ágreiningi.
3. Áhersla lögð á að brúa bilið milli leikskóla og grunnskóla.
4. Áhersla lögð á aukna heilsurækt, geðrækt og jákvæðan lífsstíl meðal barna.
5. Börnum verði tryggð örugg dvöl að loknum skóladegi, þátttaka í tómstundum ásamt nauðsynlegum stuðningi.
6. Áhersla lögð á að fylgja menneldismarkmiðum varðandi matarræði.
7. Áhersla á fjölbreytt tómstundastarf á vegum íþrotta- og tómstundaaðila.
8. Áhersla á að stofnanir og félagasamtök sem starfa með aldurshópinum 6-9 ára móti sér forvarnaáætlanir.
9. Áhersla á eftirlit og eftirfylgd foreldra varðandi útivistartíma, skólagöngu, heimanám og frítímastarfsemi barna.
10. Áhersla á fræðslu og umburðarlyndi varðandi ólíka menningu og tungu.

Sértækar forvarnir

Leiðir:

1. Tryggður verði stuðningur og sértæk úrræði varðandi skólagöngu, heimanám og líðan í skóla.
2. Tryggður verði forgangur í tiltæk úrræði fyrir börn í áhættuhópum.
3. Foreldrum verði tryggður nauðsynlegur stuðningur, fræðsla og þjónusta.
4. Áhersla lögð á samstarf og samráð allra þeirra aðila sem koma að málefnum barna í áhættu.

Einstaklingsforvarnir

Leiðir:

1. Barni verði tryggður nauðsynlegur stuðningur, fræðsla, úrræði, greining og meðferð.
2. Foreldrum verði tryggður nauðsynlegur stuðningur, fræðsla og þjónusta.
3. Áhersla lögð á trygga eftirmeðferð og endurhæfingu.

Lykilaðilar:

Grunnskóli, tónlistaskóli, frístundaþjónusta, fræðslu- og menningarsvið, félags- og fjölskyldusvið, lögregla, heilsugæsla, æskulýðsfélög, íþróttafélög, frjáls félagasamtök, kirkjan og foreldrafélög

Aldurshópur: 10-12 ára

Markmið: Að byggja upp jákvæða sjálfsmynd barna
Að styrkja félagsfærni barna
Að börn tileinki sér heilbrigða lífshætti

Almennar forvarnir

Leiðir:

1. Fræðsla til foreldra m.a. með áherslu á að styrkja tilfinningatengsl, aðbúnað, slysavarnir, hegðun og viðhorf.
2. Fræðsla til starfsfólks grunnskóla, frítímaskóla, þjónustustofnana, íþróttafélaga og frjálsra félagasamtaka. Þar verður m.a. lögð áhersla á viðhorf, samskipti og hvernig tekið er á einelti og ágreiningi.
3. Áhersla á eftirlitshlutverk og eftirfylgd foreldra varðandi skólagöngu, heimanám og frítímastarfsemi.
4. Áhersla lögð á aukna heilsurækt, geðrækt og jákvæðan lífsstíl meðal barna.
5. Áhersla lögð á að fylgja mannelismarkmiðum varðandi matarræði.
6. Áhersla á fjölbreytt tómstundastarf á vegum íþrótt- og tómstundaaðila.
7. Áhersla verði lögð á fræðslu um afleiðingar af notkun tóbaks og áfengis.
8. Styðja foreldra til samstöðu um að virða reglur um útivistartíma barna og þátttöku í foreldrarölti og fræðslu tengda forvörnum.
9. Áhersla á að stofnanir og félagasamtök sem starfa með aldurshópinn móti sér forvarnaáætlanir.
10. Áhersla á fræðslu og umburðarlyndi varðandi ólíka menningu og tungu.

Sértækar forvarnir

Leiðir:

1. Börnum í áhættuhópum verði tryggð örugg dvöl að loknum skóladegi, þátttaka í tómstundum ásamt nauðsynlegum stuðningi.
2. Tryggður verði forgangur í tiltæk úrræði fyrir börn í áhættuhópum.
3. Foreldrum verði tryggður nauðsynlegur stuðningur, fræðsla og þjónusta.
4. Tryggður verði stuðningur og sértæk úrræði varðandi skólagöngu, heimanám og líðan í skóla.
5. Áhersla lögð á samstarf og samráð allra þeirra aðila sem koma að málefnum barna í áhættu.

Einstaklingsforvarnir

Leiðir:

1. Barni verði tryggður nauðsynlegur stuðningur, fræðsla, úrræði, greining og meðferð.
2. Foreldrum verði tryggður nauðsynlegur stuðningur, fræðsla og þjónusta.
3. Áhersla lögð á tryggja eftirmeðferð og endurhæfingu.

Lykilaðilar:

Grunnskóli, tónlistarskóli, frístundaþjónusta, fræðslu- og menningarsvið, félags- og fjölskyldusvið, lögregla, heilsugæsla, æskulýðsfélög, íþróttafélög, frjáls félagasamtök, kirkjan og foreldrafélög menningu og tungu.

Aldurshópur: 13-15 ára

Markmið: Að byggja upp jákvæða sjálfsmynd unglinga
Að styrkja félagsfærni unglinga
Að unglingar tileinki sér heilbrigða lífshætti

Almennar forvarnir

Leiðir:

1. Fræðsla til foreldra m.a. með áherslu á að styrkja tilfinningatengsl, aðbúnað, hegðun og viðhorf og þroska unglingsáranna.
2. Fræðsla til starfsfólks grunnskóla, frítímaskóla, þjónustustofnana, íþróttafélaga og frjálsra félagasamtaka. Þar verður m.a. lögð áhersla á viðhorf, samskipti og hvernig tekið er á ágreiningi.
3. Áhersla á eftirlitshlutverk og eftirfylgd foreldra varðandi skólagöngu, heimanám og frítímastarfsemi.
4. Áhersla lögð á aukna heilsurækt, geðrækt og jákvæðan lífsstíl meðal unglinga.
5. Áhersla á gerð forvarnaáætlana sem taki sérstaklega mið af

- aldrinum 13-15 ára.
6. Áhersla lögð á að fylgja manneldismarkmiðum varðandi matarræði.
 7. Áhersla á fjölbreytt tómstundastarf á vegum íþróttta- og tómstundaaðila.
 8. Áhersla á fræðslu til unglunga og foreldra um starfsemi félagsmiðstöðvar, uppbyggilegar tómstundir og mikilvægi þeirra og möguleika til þátttöku.
 9. Áhersla verði lögð á fræðslu um afleiðingar af notkun tóbaks, áfengis og fíkniefna.
 10. Styðja foreldra til samstöðu um að virða reglur um útivistartíma barna og þátttöku í foreldrarölti og fræðslu tengda forvörnum.
 11. Opin, aðgengileg ráðgjöf og greiður aðgangur að viðeigandi úrræðum fyrir foreldra og unglunga.
 12. Áhersla á aukið foreldrasamstarf s.s. með gerð foreldrasamninga og þátttöku foreldra í foreldrarölti og fræðslu tengdri forvörnum.
 13. Áhersla á hvatningu til að ýta undir samstöðu foreldra um að virða reglur um útivistartíma og taka þátt í forvarnastarfi.
 14. Áhersla á fræðslu og umburðarlyndi varðandi ólíka menningu og tungu.

Sértækar forvarnir

Leiðir:

1. Unglingum í áhættuhópum verði

- tryggð þátttaka og stuðningur í uppbyggilegu tómstundastarfi.
2. Tryggður verði forgangur í tiltæk úrræði fyrir unglunga í áhættuhópum.
3. Foreldrum verði tryggður nauðsynlegur stuðningur, ráðgjöf og þjónusta.
4. Tryggður verður stuðningur og sértæk úrræði varðandi skólalagöngu, heimanám og líðan í skóla.
5. Áhersla lögð á samstarf og samráð allra þeirra aðila sem koma að málefnum unglunga í áhættu.

Einstaklingsforvarnir

Leiðir:

1. Unglingi verði tryggður nauðsynlegur stuðningur, fræðsla, úrræði, greining og meðferð.
2. Foreldrum verði tryggður nauðsynlegur stuðningur, fræðsla og þjónusta.
3. Áhersla lögð á tryggja eftirmeðferð og endurhæfingu.

Lykilaðilar:

Grunnskóli, tónlistarskóli, frístundaþjónusta, fræðslu- og menningarsvið, félags- og fjölskyldusvið, lögregla, heilsugæsla, æskulýðsfélög, íþróttafélög, frjáls félagasamtök, kirkjan, nemendafélag og foreldrafélög

Framhaldsskólaaldur

Aldurshópur: 16+ ára

Markmið: Að byggja upp jákvæða sjálfsmynd ungmenna
Að styrkja félagsfærni ungmenna
Að ungmenni tileinki sér heilbrigða lífshætti

Almennar forvarnir

Leiðir:

1. Áhersla á aukið foreldrastarf í framhaldsskóla.
2. Áhersla á aukna heilsurækt, geðrækt og jákvæðan lífsstíl meðal ungmenna.
3. Áhersla á fræðslu og umræðu um forvarnir meðal ungmenna.
4. Áhersla á opna og aðgengilega ráðgjöf fyrir ungmenni og foreldra.
5. Áhersla á vímulausa atburði og samkomur fyrir ungmenni.
6. Áhersla á framboð og kynningu á fjölbreyttu tómstundastarfi fyrir ungmenni.
7. Áhersla lögð á að fylgja mannelismarkmiðum varðandi matarræði.
8. Áhersla á stuðning foreldra við börn sín að 18 ára aldri.
9. Áhersla á fræðslu og umburðarlyndi varðandi ólíka menningu og tungu.

Sértækar forvarnir

Leiðir:

1. Áhersla á öflugan stuðning og ráðgjöf við val á námi, skóla og/eða starf
2. Áhersla á sérstakar aðgerðir fyrir ungt fólk sem hvorki er í skóla né vinnu.
3. Áhersla á aukinn stuðning innan skólakerfisins.
4. Áhersla á að fyrir liggi aðgengilegar upplýsingar um tiltæk úrræði og tryggður greiður aðgangur að þeim.
5. Áhersla á að ungmenni í áhættuhópum fái stuðning við þátttöku í tómstundastarfi.
6. Unnið verði með markvissar aðgerðir gegn brottfalli nemenda úr framhaldsskóla
7. Tryggður verði forgangur í

tiltæk úrræði fyrir ungmenni í áhættuhópum.

8. Áhersla lögð á samstarf og samráð allra þeirra aðila sem koma að málefnum ungmenna í áhættu.

Einstaklingsforvarnir

Leiðir:

1. Ungmenni verði tryggður nauðsynlegur stuðningur, fræðsla, úrræði, greining og meðferð.
2. Áhersla lögð á trygga eftirmeðferð og endurhæfingu.

Lykilaðilar:

Framhaldsskólinn, tónlistarskóli, fræðslu- og menningarsvið, félags- og fjölskyldusvið, lögregla, heilsugæsla, æskulýðsfélög, íþróttafélög, frjáls félagasamtök, kirkjan og foreldrafélög, nemendafélög, svæðisvinnumiðlun.

